



## FUNDARGERÐ

### 5. fundur Odda bs

**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 2. nóvember 2022  
og hófst hann kl. 08:15.**

#### **Fundinn sátu:**

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ísleifur Jónasson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Eydís Þ. Indriðadóttir, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

**Fundargerð ritaði:** Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Undir lið 1-3 þá situr Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fundinn.

#### **Dagskrá:**

##### **1. Rekstraryfirlit Odda bs 2022 - 2201036**

*Rekstraryfirlit jan-sept. 2022*

Klara Viðarsdóttir, fjármálastjóri kynnti yfirlit fyrir jan.-sept. 2022. Reksturinn er í ágætu samræmi við áætlun með viðaukum.

##### **2. Gjaldskrá Odda bs. 2023 - 2210081**

*Drög að gjaldskrá Odda bs. 2023*

Lögð fram og rædd tillaga að gjaldskrá fyrir Odda bs fyrir árið 2023. Gjaldskráin gerir ráð fyrir að fæðisgjöld hækki um 9,33% m.v. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í nóvember (2021-2022), dagvistargjöld í leikskóla hækki um 8,4% m.v. blandaða vísitölu launa og neysluverðs og gjöld fyrir skóladagheimili hækki um 8,56% m.v. blandaða vísitölu launa og neysluverðs. Einnig er gert ráð fyrir að samræma afsláttarreglur skóladagheimilis afsláttarreglum leikskólanna. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2023.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

##### **3. Rekstraráætlun 2023 - Oddi bs - 2209021**

*Undirbúningur rekstraráætlunar Odda bs. 2023*

Lögð er fram og rædd tillaga að rekstraráætlun 2023 fyrir Odda bs. Stjórnin hefur átt þrjá vinnufundi, þar af tvo með öllum skólastjórum byggðasamlagsins, og farið yfir þeirra áherslur

Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna Odda bs verði kr. 1.312.984.000 sem skiptist þannig að hlutur Rangárþings ytra verður kr. 1.131.829.000 og hlutur Ásahrepps kr. 181.155.000. Áætlunin miðar við fjölda grunn- og leikskólabarna þann 1. október 2022 sem er 230 grunnskólabörn og leikskólabörn sem telja 164,3 barngildi. Tillaga er um að samþykkja fjárhagsáætlun 2023 fyrir Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

**4. Staða náms- og starfsráðgjafa - framtíðar fyrirkomulag - 2210076**

*Erindi frá skólastjórum grunnskólans á Hellu og Laugalandi um stöðu náms- og starfsráðgjafa*

Lagt fram erindi frá skólastjórum grunnskólans á Hellu og Laugalandi um stöðu náms- og starfsráðgjafa þar sem óskað er eftir því að ráðinn verði náms- og starfsráðgjafi í fullt starf.

Stjórn Odda bs. leggur til að ráðinn verði náms- og starfsráðgjafi í allt að 60% stöðu og jafnframt verði skoðað hvort áhugi sé fyrir samstarfi við Rangárþing Eysta um náms- og starfsráðgafa í fullu starfi.

Samþykkt samhljóða.

**5. Jólaleyfi nemenda leikskólans Heklukots og Laugalands - 2210080**

*Jólaleyfi nemenda leikskólans Heklukots og Laugalands. Útfærslur*

Lagt er fram erindi frá leikskólastjórum Odda bs. þar sem lagt er til að þeir foreldrar sem taka leyfi fyrir börnin sín milli jóla og nýárs fái leikskólagjöld niðurfelld þá daga, þ.e. 27.- 30. desember 2022. Með því væri verið að hvetja til samveru fjölskyldunnar og styðja við fjölskylduvæna stefnu sveitarfélaganna auk þess sem þarna myndi skapast tækifæri fyrir starfsmenn til að nýta áunnið orlof.

Stjórn Odda bs. leggur til að tillagan verði samþykkt og leikskólastjórum falið að kynna ákvörðunina fyrir foreldrum og starfsfólki sem fyrst.

Samþykkt samhljóða.

**6. Aukið stöðugildi stuðningsfulltrúa - 2210077**

*Trúnaðarmál*

Fært í trúnaðarmálabók.

**7. Ósk um fjármagn til sérverkefnis - Setrið - 2210078**

*Trúnaðarmál*

Fært í trúnaðarmálabók.

**8. Foreldrafélagið Hans og Gréta. Erindi. - 2210082**

*Trúnaðarmál*

Fært í trúnaðarmálabók.

**9. Húsnæðis- og þarfagreining vegna skólahúsnæðis á Laugalandi - 2210083**

*Húsnæðis- og þarfagreining á Laugalandi vegna þeirrar skólastarfssemi sem fer fram*

Lögð eru fram drög að þarfagreiningum frá leik- og grunnskólanum á Laugalandi þar sem skólastjórnendur sjá fyrir sér þróun skólana og nýtingu húsnæðisins á Laugalandi.

Stjórn Odda bs. telur að nauðsynlegt sé að gera sér betur grein fyrir heildarsýn á

*EE Eln*

*119*

framtidarnýtingu á húsnæðinu á Laugalandi undir skólana og aðra starfssemi sem þar fer fram. Stjórn beinir því til Húsakynna bs. að fram fari greining á möguleikum á bættri nýtingu húsnæðisins á Laugalandi og að í fjárhagsáætlun Húsakynna bs. 2023 verði gert ráð fyrir fjármagni í vinnu við þarfagreiningu.

Samþykkt samhljóða.

**10. Samráð vegna frumvarps til laga um skólaþjónustu - 2210072**

*Boð Mennta- og barnamálaráðuneytisins um samráð við undirbúning frumvarps til laga um skólaþjónustu*


Til kynningar.


**11. Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2022 - 2210069**


*Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2022 til grunnskólana á Hellu og Laugalandi*

Til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30.**

  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

  
Eggert Valur Guðmundsson

  
Ísleifur Jónasson

  
Eydís Þ. Indriðadóttir